

**Sp.**

### **113. Tillaga til þingsályktunar**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Búðahrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingvar Pálmason, Lúðvík Jósefsson.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 650000 króna innlent lán fyrir Búðahrepp til raforkuveitu hreppsins, þó ekki yfir 85% heildarkostnaðar. Ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu verði falin manni, sem ráðuneytið samþykkir.

#### **Greinargerð.**

Raforkuveita Búðahrepps í Suður-Múlasýslu fyrir Búðakauptún er orðin alls ófullnægjandi fyrir kaupúnið, og er raforkuskorturinn mjög til boga. Er fyrirhugað að bæta úr þessu svo fljótt sem verða má, en eins og að líkum lætur, er ekki bolmagn til þess heima fyrir að standa undir öllum stofnkostnaði án lántöku. Er því farið fram á, að ríkissjóður ábyrgist lán fyrir hreppinn í þessu skyni, hliðstætt því, sem gert er fyrir aðra staði.

Áætlanir um fyrirhugaðar framkvæmdir munu verða lagðar fyrir fjárveitinganefnd.

Nánar í framsögu.